



ÚRGANGSSTJÓRNUN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Fyrirkomulag verkefna

Nóvember 2023

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Samstarfsverkefni á hendi Sorpu	2
2.1	Umsjón Sorpu með hirðu úrgangs við heimili	2
2.2	Rekstur Sorpu á grenndarstöðvum	3
2.3	Móttaka Sorpu á endurvinnsluefnum	3
2.4	Töluleg markmið um heimilisúrgang og eftirlit með farvegum úrgangs	4
2.5	Rekstur Sorpu á markaði með notaðar vörur	5
2.6	Hlutverk Sorpu í fræðslumálum	5
3	Söfnun í nærumhverfi	6
3.1	Söfnun spilliefna í nærumhverfi	6
3.2	Rúmfrekur úrgangur	6
4	Úrgangur rekstraraðila	7
4.1	Skil rekstraraðila á lífrænum úrgangi í GAJU og brennanlegum úrgangi í brennslustöð	7
4.2	Aðgangur rekstraraðila að grenndar- og endurvinnslustöðvum	8
4.3	Eftirlit með flokkun rekstraraðila á heimilisúrgangi og byggingar- og niðurrifsúrgangi	8
5	Farvegir fyrir úrgang	8
5.1	Samstarf um farvegi fyrir úrgang	8
5.2	Útfærsla flokkunar í ólíka úrgangsstrauma	9
6	Hreinsun á opnum svæðum og hreinsunarátak	9

1 Inngangur

Stefnuráð byggðasamlaganna á höfuðborgarsvæðinu hefur falið starfshópi að greina skyldur sveitarfélaganna í úrgangsmálum, m.a. með hliðsjón af innleiðingu nýrrar löggjafar, markmiða um hringrásarhagkerfið og sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2022 – 2033.

Sveitarfélögin reka Sorpu byggðasamlag og hafa falið Sorpu bs. að annast ýmis verkefni á sviði úrgangsmála. Í maí 2023 bárust frumniðurstöður Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um meinta ríkisaðstoð til Sorpu bs. Í frummatinu er komist að þeirri niðurstöðu að skattaundanþága hvað varðar Sorpu samræmist ekki EES-samningnum. Sorpa bs. sé í raunverulegri og/eða mögulegri samkeppni við einkaaðila á markaði fyrir móttöku og förgun úrgangs. Fyrir liggur að greina þarf starfsemi Sorpu með tilliti til þessa. Starfshópurinn fjallaði ekki sérstaklega um atriði þessu tengd sem varða fyrirkomulag rekstrar Sorpu.

Hér eru settar fram tillögur starfshópsins að æskilegu fyrirkomulagi samstarfs í úrgangsmálum. Að auki var hópnum falið að vinna tillögur að sameiginlegum samþykktum og gjaldskráum um úrgangsmál.

Í skipunarbréfi starfshópsins kemur fram að hópnum er m.a. ætlað að meta hvaða áhrif ný löggjöf um hringrásarhagkerfið hefur á skyldur sveitarfélaganna, hvaða breytingar eru nauðsynlegar, koma með tillögur eða valkosti um æskilegt fyrirkomulag verkefna og setja fram tillögur fyrir stefnuráð byggðasamlaganna að sameiginlegum samþykktum og gjaldskráum sveitarfélaganna. Starfshópurinn afhendir Stefnumráði byggðasamlaganna niðurstöður og tillögur í lok verkefnisins.

Við vinnu sína hefur hópurinn að leiðarljósi:

- Sveitarfélögin nái markmiðum sem þau bera ábyrgð á skv. lögum.
- Lágmarka stofn- og rekstrarkostnað íbúa og sveitarfélaganna.
- Taka mið af fjölbreytileika og aðstæðum til flokkunar, hirðu og meðhöndlun úrgangs í sveitarfélögunum.
- Hámarka endurnotkun og endurvinnslu og lágmarka umhverfisleg áhrif af meðhöndlun úrgangs.
- Tryggja að ákvæði laga séu uppfyllt.
- Nýta reynslu og þekkingu sem skapast hefur hjá öðrum sveitarfélögum og nágrannalöndum.
- Einfaldleiki og gæði séu í fyrirrúmi.

2 Samstarfsverkefni á hendi Sorpu

2.1 Umsjón Sorpu með hirðu úrgangs við heimili

Hópurinn leggur til að aukið samstarf verði milli sveitarfélaga við útboð á hirðu úrgangs við heimili. Sveitarfélög bera ábyrgð á hirðu heimilisúrgangs en færa má framkvæmd á verkefninu til Sorpu. Stefnumráð byggðasamlaganna og sveitarfélögin þurfa að leggja mat á áhrifaþættina sem taldir eru upp hér að neðan og hvort færa eigi umsjón með skyldu sveitarfélaganna til hirðu á heimilisúrgangi, hvort sem er með útboðum eða eigin rekstri að hluta, til Sorpu. Lagt er til að samningar við verktaka verði í framtíðinni þannig að hægt verði að færa umsjón og eftirlit með verkinu til Sorpu ef til þess kemur.

- **Helstu áhrifaþættir:**

- Úrgangsstjórnun gagnvart íbúum verður á færri höndum, þ.e. umsjón með hirðu við heimili og rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva hjá sama aðila.
- Með nýlegri samræmingu á fyrirkomulagi úrgangsflokkunar við heimili á höfuðborgarsvæðinu verður samstarf við útboð og rekstur þjónustusamnings auðveldara.
- Ef hirða og/eða umsjón með útboðum fer til Sorpu getur sérhæfð þekking þar og yfirsýn sem skapast við að hafa allt á einum stað, skilað sér í hagkvæmni og betra eftirliti með verkinu.
- Betri kjör gætu fengist í útboðum ef stærra svæði býður út og ákveðið öryggi kunni að felast í útboðum sem fleiri en einn standi saman að.
- Þjóða má út í hlutum og skipta svæðum þvert á sveitarfélög ef það hentar betur landfræðilega eða þjóða út tilteknar gerðir úrgangsefna sérstaklega.
- Þetta er nærþjónusta sem fjarlægðist rekstur sveitarfélaganna – ákvarðanataka færist fjær kjörnum fulltrúum og starfsfólki og þjónusta frá þjónustuveri.
- Lengra verður milli umsjónaraðila hirðunnar og skipulags- og byggingaryfirvalda sem ákvarða og samþykkja úrgangslausrir við heimili.

2.2 Rekstur Sorpu á grenndarstöðvum

Hópurinn leggur til að Sorpa taki yfir rekstur á samræmdu grenndargámakerfi með sambærilegum þjónustusamningi og gildir um endurvinnslustöðvar. Sorpa sér nú þegar um að þjóða út leigu og losun á gámum og hefur umsjón með samningnum við hirðuaðila. Til viðbótar getur Sorpa tekið yfir regluleg þrif og útköll frá verktaka vegna stærri hluta sem skildir eru eftir á stöðvunum. Að auki getur Sorpa sinnt árstíðabundnum verkefnum eins og ítarlegri hreinsun, mála grindverk og halda við gróðurbeðum. Samskipti við íbúa um losunarpörf og þjónustu grenndarstöðva færist þá frá sveitarfélögunum til Sorpu. Val á staðsetningum grenndarstöðva yrði áfram samstarfsverkefni sveitarfélags og Sorpu.

● Helstu áhrifapættir:

- Samskipti við verktaka, útköll vegna stærri hluta sem þarf að fjarlægja eru verkefni sem falla áætlega að starfsemi Sorpu, enda er verktakinn í reglulegum samskiptum við Sorpu.
- Dagleg umsjón, hirða úrgangs sem safnast við stöðvarnar, þrif og árstíðabundin hreinsun og málun getur verið á hendi teymis hjá Sorpu eða boðin út sem vel skilgreindur verkpakki.
- Skilgreina þarf samskipti sveitarfélags við Sorpu vegna ábendinga íbúa.
- Úrgangsstjórnun færir meira á eina hendi sem veitir betri yfirsýn og er skýrara gagnvart íbúum sem í dag þurfa að leita til Sorpu eða sveitarfélaganna varðandi grenndarstöðvar, háð efni fyrirspurnar eða kvörtunar.
- Þetta er nærþjónusta sem fjarlægðist rekstur sveitarfélaganna – ákvarðanataka færir fjær kjörnum fulltrúum og starfsfólki og þjónusta frá þjónustuveri.

2.3 Móttaka Sorpu á endurvinnsluefnum

Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 skulu sveitarfélög tryggja farveg fyrir allan úrgang sem fellur til innan þeirra. Sorpu hefur verið falið þetta verkefni fyrir eigendur byggðasamlagsins og rekur móttöku- og flokkunarstöð í Gufunesi.

Hópurinn leggur til að Sorpa sjái ennfremur um ráðstöfun allra endurvinnsluefna sem safnað er af sveitarfélögunum. Þannig megi nýta hagkvæmni stærðarinnar, að fjárfesting sem liggur í móttöku- og flokkunarstöð Sorpu sé nýtt og að Sorpa geti haft eftirlit með

ráðstöfun efna sbr. kafla 2.4 hér fyrir neðan. Því þurfa sveitarfélögin að skilgreina Sorpu sem móttökuaðila efnanna í sínum útboðum á sorphirðu.

Líklegt er að flytja þurfi móttöku- og flokkunarstöð Sorpu úr Gufunesi innan fárra ára. Til að draga úr fjárfestingu sveitarfélaganna í nýrri móttöku- og flokkunarstöð telur hópurinn að bjóða megi út móttöku endurvinnsluefna - pappírs, pappa, plasts og glers, líkt og gert er fyrir málma í dag. Hins vegar getur þurft umhleðslustöðvar til að gæta að hagkvæmni í flutningi. Rekstur Hringrásargarðs fellur vel að þessu verkefni.

- **Helstu áhrifapættir:**

- Tryggja þarf að fjárfesting sveitarfélaganna í móttöku- og flokkunarstöð Sorpu nýtist og að tekjustofn Sorpu rýrni ekki án þess að dregið sé úr kostnaði á móti.
- Einkaaðilar hafa styrkt sig í þessum verkefnum og samkeppni er á markaði um endurvinnsluefni.
- Framleiðendaábyrgð á endurvinnsluefnum (Úrvinnslusjóður) á að tryggja að úrvinnslugjald standi undir kostnaði við meðhöndlun og ráðstöfun úrgangsins og fræðslu tengt flokkun og endurvinnslu umbúða sem bera úrvinnslugjald.
- Eftirfylgni með ráðstöfun endurvinnsluefna er vaxandi verkefni og væri í höndum eins aðila fyrir öll sveitarfélögin.
- Endurvinnsluefni frá heimilum gæti farið í Hringrásargarð í Álfsnesi sem er í undirbúningi og er ætlað að vera markaðstorg fyrir endurnotkun og endurvinnslu.
- Einhver fyrirtæki koma með úrgang beint til móttökustöðvar Sorpu en yrðu að snúa sér til þjónustuaðila eða fara með úrgang á endurvinnslustöð ef Sorpa rekur ekki móttökustöð.
- Móttaka Sorpu á úrgangi í móttökustöð, sem tekur á móti öllum aðilum, getur stuðlað að samkeppni á úrgangsmarkaði þar sem nokkur fákeppni er til staðar.
- Markmið Sorpu hefur verið að tryggja örugga afsetningu á meðan þjónustuaðilar hafa leitað besta verðs. Endurvinnsluefni hafa því leitað til Sorpu þegar verð á mörkuðum verða óhagstæð.

2.4 Töluleg markmið um heimilisúrgang og eftirlit með farvegum úrgangs

Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 bera sveitarstjórnir ábyrgð á að tölulegum markmiðum sem sett eru um heimilisúrgang og lífrænan úrgang sé náð á þeirra svæði. Hópurinn leggur til að Sorpu verði falið að halda utan um tölfræði og eftirlit með að markmiðum verði náð. Gögnin verði aðgengileg í rauntíma eins og kostur er. Sveitarfélögin geti hvert fyrir sig séð stöðuna hjá sér svo meta megi hvort grípa þurfi til frekari aðgerða til að ná markmiðunum.

Mikilvægt er sveitarfélögin hafi eftirlit með farvegi sérsafnaðs heimilisúrgangs, endurvinnsluefna og að tryggt sé að efnin séu raunverulega send til endurvinnslu og endurunnin eins og kostur er. Nýleg dæmi um brennslu drykkjarferna og urðun textíls í þróunarlöndum sýna það. Lagt er til að Sorpa sinni þessu eftirliti fyrir sveitarfélögin. Í því felst að fylgja eftir úrgangsstraumur og útvega staðfestingu á ráðstöfun efnis til endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar.

- **Helstu áhrifapættir:**

- Sem umsjónaraðili ráðstöfunar endurvinnsluefna sbr. kafla 2.3. hér að framan, er Sorpa best til fallin til að halda utan um tölfræði og farveg endurvinnsluefna.
- Sá aðili sem sér um ráðstöfun endurvinnsluefna er best til þess fallinn að sinna eftirfylgni með því hvar úrgangur endar.

2.5 Rekstur Sorpu á markaði með notaðar vörur

Hópurinn leggur til að sveitarfélögin reki áfram markaði með endurnotaðar vörur en markmiðið verði að stækka markaðinn, fjölga aðilum sem koma úrgangi í endurnotkun og koma vörum víðar í endurnotkun. Ráðstöfun Sorpu á úrgangi taki mið af því. Sveitarfélög hafa lagalega skyldu til að sinna úrgangsforvörnum. Stuðningur sveitarfélaga við endurnotkun er mikilvægur þáttur í hringrásarhagkerfi.

- **Helstu áhrifapættir:**

- Nytjamarkaðir eru mikilvægur hlekkur í hringrásarhagkerfi til að auka endurnotkun á vörum.
- Úrgangsforvarnir, þ.e. að minnka úrgang, er eitt af því sem sveitarfélögum er lögum samkvæmt skylt að sinna. Þátttaka í hringrás endurnotkunar er ein leið til þess.
- Íbúar hafa vanist því að geta komið með hluti inn á endurvinnslustöðvar og ef Sorpa kemur vörum ekki áfram sjálf, í gegnum Góða hirðinn, þarf að finna örugga leið í gegnum aðra aðila.
- Sambærileg starfsemi er rekin á markaði.
- Magnið og fjölbreytileikinn á vörum sem tekið er á móti á endurvinnslustöðvum kallar á öflugan og stöðugan rekstur.
- Skoða mætti breytt rekstrarform markaða með endurnotaða hluti.

2.6 Hlutverk Sorpu í fræðslumálum

Hópurinn leggur til að fræðsluefni sem er unnið fyrir höfuðborgarsvæðið verði gert hjá Sorpu og birt í nafni Sorpu en samstarf verði við sveitarfélögin um áherslur í fræðslumálum og gerð fræðsluefnis. Í kjölfar samræmingar á fyrirkomulagi úrgangsflokkunar við heimili á höfuðborgarsvæðinu eru skilaboðin þau sömu að mestu leyti fyrir öll sveitarfélögin. Í nýlegri stefnumótun Sorpu var hnykk á þessu hlutverki. Sveitarfélögin geta hvert fyrir sig sett fram fræðslu- og kynningarefni varðandi sértæk atriði.

Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 hafa þrír aðilar fræðsluskyldu; sveitarfélög, Umhverfisstofnun og Úrvinnslusjóður. Umhverfisstofnun skal sjá um gerð almenns fræðsluefnis fyrir almenning og lögaðila, sveitarstjórnir skulu annast gerð fræðsluefnis um meðferð úrgangs í sveitarfélaginu og Úrvinnslusjóður tryggja almenna fræðslu til almennings og lögaðila um rétta meðhöndlun vara þegar þær eru orðnar að úrgangi, þ.m.t. um þau söfnunarkerfi sem til staðar eru, og áhrif þess að dreifa úrgangi á víðavangi. Sorpa hefur fjármagnað fræðslu með móttökugjöldum sem innheimt eru fyrir úrgang sem berst til Sorpu. Hafa þarf það í huga verði móttaka endurvinnsluefna boðin út sbr. kafla 2.3 hér að framan. Þau efni bera að stórum hluta úrvinnslugjald og þarf þá að ná samstarfi við Úrvinnslusjóð um fræðslu. Einnig þarf Sorpa að eiga samstarf við Umhverfisstofnun um fræðslu svo fjármagn nýtist sem best.

- **Helstu áhrifapættir:**

- Skilaboð til íbúa eru eins fyrir allt svæðið.
- Íbúar upplifa meiri fjarlægð sveitarfélagsins við málaflokkinn
- Skoða þarf hvort einhver upplýsingagjöf sé sértæk fyrir einstök sveitarfélög.
- Vinna þarf að samstarfi við Umhverfisstofnun, Úrvinnslusjóð og önnur sveitarfélög.

3 Söfnun í nærumhverfi

3.1 Söfnun spilliefna í nærumhverfi

Söfnun spilliefna á endurvinnslustöðvum eingöngu samræmist ekki breyttum lögum um meðhöndlun úrgangs og því þarf að endurskoða hvernig spilliefnum er safnað á höfuðborgarsvæðinu. Safna skal spilliefnum í nærumhverfi sem er skilgreint „*nánasta umhverfi einhvers, t.d. hverfið sem hann býr í*“ (rg. 803/2023).

Starfshópurinn leggur til að sett verði í gang vinna við að greina leiðir til að uppfylla kröfu um að safna spilliefnum í nærumhverfi íbúa. Gerður verði samanburður á kostnaði og væntum árangri af ólíkum söfnunarleiðum:

- 1) Rauður kassi við hvert hús sem sóttur er nokkrum sinnum á ári.
- 2) Spilliefnabíll sem er á tilteknum tímum í hverfum.
- 3) Völdum efnum verði safnað á Grenndarstöðvum.

Skoðað verði hvort Sorpa taki verkefnið að sér eða bjóði það út sameiginlega.

- **Helstu áhrifapættir:**

- Spilliefni eru vandmeðfarinn úrgangur og skoða þarf hvort æskilegt sé að safna þeim á ómönnuðum grenndarstöðvum. Slíkt er gert í Danmörku og kanna má reynslu þar.
- Þegar spilliefnum er safnað sérstaklega er vakin athygli á að íbúar eiga ekki að setja spilliefni í blandaðan úrgang og þeim er gert auðveldara að losa sig við þau.
- Kostnaður sveitarfélaga getur aukist en greiðslur Úrvinnslusjóðs dekkja að einhverju leyti viðbótarkostnað við söfnun.
- Sorpa hefur þekkingu og reynslu af meðhöndlun spilliefna til að vinna verkefnið, en líklega yrði það boðið út.

3.2 Rúmfrekur úrgangur

Með breytingum sem gerðar voru á lögum um meðhöndlun úrgangs ber sveitarfélögum nú að innheimta gjald háð umfangi úrgangs, svokallað „borgað þegar hent er“. Því er ljóst að hefja þarf aukna gjaldtöku við innakstur á endurvinnslustöðvar árið 2025. Hætt er við því að úrgangur verði í enn meira mæli losaður á víðavangi. Til að draga úr losun úrgangs á víðavangi leggur hópurinn til að skoðaður verði kostnaður og hugsanlegur ávinningur af því að bjóða upp á söfnun á rúmfrekum úrgangi í nærumhverfi, sbr. verkefni í Danmörku sem kallað er „Storskrald“.

- **Helstu áhrifapættir:**

- Söfnun á rúmfrekum úrgangi í nærumhverfi er ekki lagaskylda og væri viðbót við þjónustu sveitarfélaganna.
- Hentar fyrir til dæmis íbúa sem ekki eiga bíl og kerru.
- Getur dregið úr því að úrgangur sé skilinn eftir á víðavangi eða á grenndarstöðvum. Kostnaður minnkar því á móti þar sem sveitarfélögin þurfa á endanum að borga fyrir að fjarlægja úrgang sem er skilinn eftir.
- Kostnaður mun leggjast á sveitarfélögin því greiðslur Úrvinnslusjóðs fela líklega ekki kostnað við söfnun á rúmfrekum úrgangi fellur líklega ekki undir skyldur Úrvinnslusjóðs. Algengt er að það séu þvottavélar, rúmdýnur, húsgögn og annar úrgangur þar sem sjóðurinn ber ekki ábyrgð á að greiða fyrir hirðu frá heimilum.

4 Úrgangur rekstraraðila

4.1 Skil rekstraraðila á lífrænum úrgangi í GAJU og brennanlegum úrgangi í brennslustöð

Mikilvægt er að samtal eigi sér stað við Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið um kostnaðarsama innviði sem sveitarfélög þurfa að reisa og reka og rúma þurfa úrgang sem til fellur frá lögaðilum en ekki er tryggt að þeir nýti. Annað hvort þarf að draga úr skyldum sveitarfélaga eða heimila þeim að gera kröfu um hvert skuli skila úrgangi.

Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 skal sveitarstjórn sjá um að starfræktar séu móttöku- og endurvinnslustöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Jafnframt ber sveitarstjórn ábyrgð á að tölulegum markmiðum sem sett eru um heimilísúrgang og lífrænan úrgang sé náð. Til að uppfylla markmið um minni urðun á lífrænum úrgangi hafa sveitarfélögin ráðist í kostnaðarsama innviði, GAJU, og til skoðunar er hvort reisa eigi brennslustöð. Innviðirnir þurfa að afkasta meðhöndlun úrgangs frá heimilum og lögaðilum þar sem sveitarstjórn skal sjá um að starfsrækt sé móttökustöð fyrir allan úrgang og framangreind markmið ná einnig til úrgangs frá lögaðilum.

Hópurinn skoðaði hvort skylda megi rekstraraðila til að skila lífrænum úrgangi í GAJU eða brennanlegum úrgangi í brennslustöð. Þannig mætti tryggja efni til að nýta framleiðslugetu GAJU á sem bestan hátt sem og brennslustöðvar ef til þess kemur.

Fyrir liggur lögræðiálit frá LMG og niðurstaðan er að núverandi lagaumhverfi heimili ekki að setja ákvæði í samþykktir um að rekstraraðilar skuli skila úrgangi í tiltekna ráðstöfun sem sveitarfélagið rekur. Eftirfarandi spurningar voru settar fram.

- Hafa sveitarfélög heimild til að skylda rekstraraðila til að skila lífúrgangi til meðhöndlunar í GAJU og brennanlegum úrgangi til brennslustöðvar á vegum Sorpu?
- Geta sveitarfélög sett reglur í þessa veru í samþykktir sínar eða geta þau byggt á því að verið sé að beina úrgangi í réttan farveg skv. úrgangslöggjöfinni?

Samandregnar niðurstöður eru eftirfarandi:

- Úrgangur telst til eignar í skilningi stjórnarskrár og sveitarfélög hafa ekki heimild til að ráðstafa úrgangi sem aðrir eiga eignarrétt að með reglum í samþykktum sínum. Sveitarfélag getur því ekki sett ákvæði í samþykktir um að einkaaðilar sem safna úrgangi skuli skila tilteknum úrgangsflokkum á ákveðinn stað, enda má ekki leiða slíkan rétt af ákvæðum laga. Sveitarfélagi er aftur á móti rétt og skylt að setja almennar reglur um þá meðhöndlun sem úrgangur í lögsagnarumdæmi þess skuli hljóta og stefna að þeim markmiðum sem ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs setja á oddinn.
- Sveitarfélagi ber að kveða almennt á um það í samþykkt hvaða lágmarksmeðhöndlun einstakir úrgangsflokkar skulu hljóta en er óheimilt að tiltaka ákveðna rekstraraðila umfram aðra sem annast eigi meðhöndlun. Fyrirmæli sveitarstjórnar í þessa veru yrði alltaf að líta á sem lágmarkskröfur til meðhöndlunar sbr. markmið forgangsroðunar 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem stefnir að endurnýtingu á sem mestum úrgangi. Því rúmast það innan heimilda sveitarstjórna að setja í samþykkt sína bann við förgun tiltekins úrgangsflokks með urðun til að ná tilsettum markmiðum um endurvinnslu eða endurnýtingu, s.s. moltugerð eða orkuendurheimt með brennslu. Hins vegar væri tæplega hægt að kveða á um að skylt væri að tiltekinn úrgangsflokkur færi í ákveðna meðhöndlun ef mögulegt er að endurvinna hann með

umhverfissvænni aðferðum sem kveðið er á um í forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs í 7. gr. laga um meðhöndlun úrgangs.

4.2 Aðgangur rekstraraðila að grenndar- og endurvinnslustöðvum

Hópurinn leggur til að rekstraraðila geti nýtt sér endurvinnslustöðvar Sorpu en ekki grenndarstöðvar. Greitt er fyrir móttöku á úrgangi frá rekstraraðilum við innakstur á endurvinnslustöðvum Sorpu. Það á hins vegar ekki við um grenndarstöðvar þar sem þær eru ómannaðar. Rekstraraðilar þurfa því að vera með söfnunarílát fyrir málma, gler og textíl á lóð vegna nýrra ákvæða um sérsöfnun á flokkuðum heimilisúrgangi. Kynna þarf á grenndarstöðvum að þær séu eingöngu ætlaðar fyrir flokkaðan heimilisúrgang frá íbúum.

- **Helstu áhrifapættir:**

- Rekstraraðilar eiga ekki að nota grenndarstöðvar því þeir greiða ekki fyrir rekstur þeirra með sorphirðugjöldum, líkt og íbúar gera.
- Grenndarstöðvar eru ómannaðar og því þarf að kynna og merkja þær þannig að þær séu ætlaðar fyrir íbúa.
- Gjaldheimta á endurvinnslustöðvum er möguleg því stöðvarnar eru mannaðar og yfirleitt skýrt hvenær er um rekstraraðila að ræða.
- Fyrirhugað er að auka gjaldtöku á endurvinnslustöðvum almennt vegna innleiðingar á BPHE.
- Núverandi innheimtukerfi er ekki hentugt til að leggja sorphirðugjald á rekstraraðila. Gjaldið tekur ekki mið af stærð húsnæðis né heldur eðli og umfangi starfsemi.

4.3 Eftirlit með flokkun rekstraraðila á heimilisúrgangi og byggingar- og niðurrifsúrgangi

Hópurinn skoðaði hvernig eftirliti skuli háttað með að rekstraraðilar flokki heimilisúrgang og byggingar- og niðurrifsúrgang og hver hefur valdheimildir til að grípa inn í.

- Fyrir stærri byggingaframkvæmdir skal skila áætlun um meðhöndlun úrgangs og skal byggingarfulltrúi fylgja því eftir við útgáfu byggingarleyfis (skv. byggingarreglugerð gr. 15.2).
- Heilbrigðiseftirlit hefur eftirlit með flokkun úrgangs hjá rekstraraðilum sem fá starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd.
- Eftirlit með flokkun á heimilisúrgangi hjá smærri rekstraraðilum fellur undir almennt eftirlit samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs sem er í höndum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits.

5 Farvegir fyrir úrgang

5.1 Samstarf um farvegi fyrir úrgang

Hópurinn leggur til að samstarf sveitarfélaganna við nágrannasveitarfélög og önnur byggðasamlög um mismunandi farvegi fyrir úrgang verði unnið í gegnum byggðasamlagið Sorpu. Þetta á við um samstarf vegna GAJU, brennslustöðva og urðunarstaða. Samstarfið getur einnig falist í aðgerðum vegna endurnýtingar og endurnotkunar, en dæmi um slíkt væri rekstur á Hringrásargarði.

Hópurinn leggur til að sveitarfélögin vinni með Sorpu að því að opna Hringrásargarð með byggingar- og niðurrifsúrgangi og öðrum endurvinnsluefnum eftir því sem við á.

- **Helstu áhrifapættir:**

- Innviðir fyrir ráðstöfun úrgangs eru dýrir og getur verið hagkvæmt að reisa stærri og afkastameiri stöðvar sem sinna fjölda sveitarfélaga. Það getur skapar hagræðingu í rekstri.
- Með samvinnu verður sameiginleg áhersla á að horfa til forgangsroðunar við meðhöndlun úrgangs og fleiri möguleikar skapast til að beita bestu lausnum og velja þá kosti sem skila bestri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið.
- Hringrásargarður gefur slagkraft í verkefnum sem miða að úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu.
- Með rekstri Hringrásargarðs er mögulegt að tryggja farveg fyrir flokkaðan byggingar- og niðurrifsúrgang.

5.2 Útfærsla flokkunar í ólíka úrgangsstrauma

Flokkun úrgangs getur tekið breytingum, t.d. þegar nýjar endurvinnsluleiðir koma til sögunnar eða í ljós kemur að tiltekinn úrgangur hentar illa til endurvinnslu sem úrgangsstraumur fer í. Dæmi um þetta eru samsettar umbúðir eða maíspokar, sem á einum tíma geta farið í tiltekinn farveg en henta svo illa þegar meðhöndlun breytist.

Hópurinn leggur til að útfærsla flokkunar í ólíka úrgangsstrauma verði samræmd á höfuðborgarsvæðinu, og fylgi nýlegri samræmingu á fyrirkomulagi úrgangsflokkunar við heimili á höfuðborgarsvæðinu. Lagt er til að Sorpa hafi það hlutverk að útfæra flokkunina í samstarfi við sveitarfélögin. Ákvarðanir um útfærslu flokkunar hverju sinni verði í takt við ráðstöfun efnanna og kröfur sem gerðar eru af ráðstöfunaraðilum. Áhersla verði lögð á að horfa til forgangsroðunar við meðhöndlun úrgangs og eftirfylgni með ráðstöfun endurvinnsluefna.

● Helstu áhrifapættir:

- Það er háð því hvaða endurvinnsluleiðir eru færar, hvernig flokkun er best útfærð og hvaða krafa um hreinleika efnisstrauma er gerð.
- Íbúar og rekstraraðilar kalla eftir fyrirsjáanleika og framtíðarsýn.
- Ef nýjar leiðir opnast til að endurnýta efni á betri hátt en gert hefur verið þarf að vera svigrúm til að nýta þær.
- Við eftirfylgni með ráðstöfun endurvinnsluefna getur komið í ljós að breyta eða bæta þurfi flokkun.

6 Hreinsun á opnum svæðum og hreinsunarátak

Hópurinn leggur til að rekstur á ruslastömpum og hreinsunarátök verði hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig. Hópurinn telur að verkefnin falli ágætlega að starfsemi hvers sveitarfélags fyrir sig, frekar en að bjóða verkefnin út eða reka þau með samræmdum hætti fyrir allt höfuðborgarsvæðið.

Sveitarfélögin sinna hirðu frá ruslastömpum og hreinsun á opnum svæðum. Í hreinsunarátökum sumra sveitarfélaga er íbúum boðin þjónusta við hirðu á úrgangi vegna vorhreinsunar í gördum eða annað tilfallandi.

Hópurinn leggur til að unnið verði að því að bjóða upp á flokkun í stömpum þar sem við á, t.d. útivistarsvæðum, almenningsgörðum, áningarstöðum og grillsvæðum. Einnig má bjóða aðskilda ruslastampa fyrir hundaskít, sem er stór hluti úrgangs í stömpum við útivistarstíga. Hluti úrgangsins ber úrvinnslugjald, en Úrvinnslusjóði ber að fjármagna hreinsun á rusli á víðavangi sem er til komið vegna plastvöru. Flokkunin verði samræmd

á höfuðborgarsvæðinu og samtal við Úrvinnslusjóð tekið upp á breiðum grunni fyrir svæðið allt.

Söfnun jólatrjáa þarf að taka mið af "borgað þegar hent er" líkt og með annan úrgang. Því er lagt til að sú þjónusta fari til aðila sem innheimta fyrir þjónustuna.

● **Helstu áhrifapættir:**

- Kostnaður við hirðu í ruslastömpum er að hluta greidd af framleiðendaábyrgð og halda þarf vel utan um magn úrgangs og annað sem málið varðar. Sveitarfélögin geta sameiginlega tekið upp samtal við sjóðinn um greiðslur.
- Aukin flokkun á útivistarsvæðum og göngustígum getur verið samræmd milli sveitarfélaganna til að auðvelda íbúum notkun íláta.
- Verkefnin falla ágætlega að starfsemi sveitarfélaganna, þ.e. hreinsun og viðhald innviða.
- Verkefnið er eins fyrir öll sveitarfélögin og væri auðvelt að samræma og vinna að því sameiginlega.
- Hreinsunarátök eru útfærð á ólíkan hátt hjá sveitarfélögunum. Nokkur sveitarfélög hafa dregið út þjónustunni og beina íbúum á endurvinnslustöðvar eða til sjálfbóðaliða sem bjóða þjónustuna í fjáröflunarskyni fyrir t.d. íþróttafélög.